



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

Hvatning forseta Íslands til ungra Íslendinga afhent 18 ungmennum á Suðurfjörðum Austurlands

Í opinberri heimsókn forseta Íslands Ólafs Ragnars Grímssonar á Suðurfirði Austurlands dagana 28. og 29. maí hlutu 18 ungmenni „vatningu forseta Íslands til ungra Íslendinga.“ Hvatningin var afhent á fjölskylduhátíðum í íþróttahúsinu á Stöðvarfirði 28. maí og á Hótel Framtíð á Djúpavogi þann 29. maí. Þau sem hlutu hvatningu eru:

Aðalheiður Björk Rúnarsdóttir, 14 ára Ásunnarstöðum í Breiðdal. Hún hefur sýnt einstaka samviskusemi og jákvæðni námi.

Agnes Ösp Magnúsdóttir, 16 ára Djúpavogi. Hún hefur með miklum dugnaði og einbeittum vilja náð þrýðis námsárangri þrátt fyrir að vera haldin mikilli lesblindu og hefur verið gott fordæmi fyrir þau börn og unglinga sem þurfa að glíma við hana.

Andri Mar Jónsson, 16 ára Fáskrúðsfirði. Hann er framúrskarandi námsmaður og mjög efnilegur íþróttamaður. Hann hefur náð góðum árangri í íþróttum og unnið til fjölda verðlauna m.a. á Unglingalandsmóti UMFÍ sl. sumar. Hann er í úrvalshóp ÚÍA í frjálsum íþróttum og einnig hefur hann verið valinn í 30 manna æfingahóp vegna landsliðs í knattspyrnu 16 ára og yngri.

Arnar Indriðason, Gljúfraborg í Breiðdal. Hann hefur sýnt dugnað einbeittan vilja og hæfni til náms eftir að hafa lent í ýmsum erfiðleikum. Hann er dæmi um nemanda sem sinnir námi af einstakri kostgæfni.

Bjartmar Þorri Hafliðason, 14 ára Eiríksstöðum Djúpavogshreppi. Hann er góður námsmaður, samviskusamur og duglegur og hefur staðið sig vel bæði í frjálsum íþróttum og knattspyrnu.

Eva Dögg Sigurðardóttir, 15 ára Djúpavogi. Hún er jákvæð og ábyrg. Hún er góður námsmaður, stundar söngnám við Tónskólann og er virk í félagsmálum skólans.

Guðný Sjöfn Þórðardóttir, 13 ára Djúpavogi. Hún er góður námsmaður samviskusöm og dugleg og hefur náð góðum árangri í frjálsum íþróttum og unnið m.a. til verðlauna á Íslandsmóti.

Hrefna Ingólfssdóttir, 11 ára Breiðdalsvík. Hún er duglegur og samviskusamur nemandi og stundar tónlistarnám með góðum árangri.

Kjartan Svanur Hjartarson, 15 ára Fáskrúðsfirði. Hann hefur sýnt góða leikhæfileika og hefur nýlega skilað aðalhlutverki í leiksýningu með glæsilegum árangri. Hann er einnig góður námsmaður og þrúður og háttvís í allri framgöngu.

Kristinn Ágúst Þórsson, 10 ára Fáskrúðsfirði. Hann stundar nám sitt af miklum dugnað og sýnir þrúðmennsku í skólanum og er auk þess sérlega hæfileikaríkur og efnilegur tónlistarnemandi.

Kristrún Selma Ölversdóttir, 13 ára Fáskrúðsfirði. Hún er mjög samvikusöm og hefur sýnt framúrskarandi námsárangur í öllum námsgreinum og er auk þess efnilegur tónlistarnemandi.

Lilja Rut Arnardóttir, 17 ára Stöðvarfirði. Hún hefur sýnt mjög góðan námsárangur allan sinn skólaferil og verið virk í félagsstarfi og öðrum nemendum til fyrirmyndar.

Maggi Andrésson, 12 ára Stöðvarfirði. Hann er afburðaíþróttamaður og hefur unnið til fjölda verðlauna. Hann er margfaldur Austurlandsmeistari í sínum greinum sem eru sprett- og stökkgreinar og einnig er hann mjög öflugur knattspyrnumaður.

Margrét Jóna Þórarinsdóttir, 17 ára Fáskrúðsfirði. Hún hefur sýnt framúrskarandi námsárangur og er vel skipulagður, samviskusamur og vandvirkur námsmaður. Hún er einnig fjölhæfur íþróttamaður og hefur unnið til fjölda verðlauna m.a. verið Íslandsmeistari í 800 m hlaupi 14 ára og yngri.

María Emily Þráinsdóttir, 11 ára Djúpavogi. Hún er samviskusamur nemandi og hefur sýnt mikla hæfileika í tónlistarnámi, spilar bæði á flautu og píanó. Hún hefur sýnt miklar framfarir í að tileinka sér íslenska tungu.

Pétur Haukur Jóhannesson, 15 ára Fáskrúðsfirði. Hann er mjög fjölhæfur og efnilegur íþróttamaður og fyrirmynd annarra í dugnaði og sjálfsaga. Hann hefur unnið til fjölda verðlauna í ýmsum íþróttgreinum, m.a. til gullverðlauna á Unglingalandsmóti UMFÍ s.l. sumar.

Sigurjón Þórsson, 15 ára Djúpavogi. Hann hefur þrátt fyrir fötlun sína náð mjög góðum árangri í námi og skarað fram úr á ýmsum sviðum t.d. sýnt mikla stærðfræðigreind.

Vordís Guðmundsdóttir, 11 ára Djúpavogi. Hún er afburða nemandi í öllum námsgreinum auk þess sem hún stundar tónlistarnám og stendur sig vel í íþróttum.